

Námsáætlun í hönnun og smíðum fyrir 4. bekk skólaárið 2017 - 2018

Tímabil: Ágúst – desember 2017

2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Kennari: Unnar Eiríksson

Markmið: Aðalmarkmið hönnunar og smíða samkvæmt námskrá er að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfu einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Nemendur fá að kynnst ýmsum efnum sem hægt er að nota í smíði svo sem ólíkum viðartegundum. Nemendur þekki íslenskar trjátegundir og læri að velja hentugan trjávið í tálgun.

- Verði virkur í sínu námi í smíðastofunni.
- Þekki og geti notað grunnverkfærin.
- Þekki öryggisreglur í smíðastofunni.
- Læri að tálga í ferskan trjávið og vinna verkefni úr trjávið og þekki öryggisreglur tálgunar.
- Nemandinn fær að kynnst fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni.
- Hanna – smíða
- Samsetningar með rakapólnu lími og nöglum.

Inntak: Nemandinn leysir einföld verkefni á sjálfstæðan hátt og nýtir eigin hugmyndir við vinnu sína. Hann smíðar gripi við sitt hæfi og getu.

Námsefni

1. Aðalnámsefni vetrarins er bandaríska kennslubókin „Woodwork with kids”
2. Hönnun og smíði í 1. – 4. bekk
3. Verkefni frá kennara
4. Efni frá Pinterest

Kennsluaðferðir og skipulag

Notast verður við innlagnir og kennari fer vel í gegnum það hvað eigi að gera. Einnig er farið yfir notkun verkfæra sem nota skal við smíði verkefnisins.

Námsmat

Samkvæmt námskrá eru þessir þættir teknir til athugunar: Umgengni og hegðun. Virkni og vinnubrögð nemandans. Lokaafurðir nemandans. – hönnun, útlit, skreyting, verkefnið í heild.

Tímabil:	Tímar:	Námsefni:	Viðfangsefni:	Kennsluaðferðir, vinnubrögð:
September	6 tímar	Úr smíðju kennara	Hanna bíl og smíða.	Tíminn hefst á því að kennari fer yfir verkefni dagsins. Lýsir vinnubrögðum og sýnir notkun verkfæra. Í tímanum eru nemendum leiðbeint og þeir aðstoðaðir einstaklingslega. Í lok tímans er farið yfir hvað gert var og rifuð upp nöfn verkfæra er notuð voru og farið yfir það sem gert var í tímanum. Innlögn – hönnun nemandans – teikning – smíði bílsins.
September/október	4 tímar	Úr smíðju kennara	Ávaxtahús fyrir fugla. Unnið er úr furu.	Mælingar, samsetningar með lími og skrúfum. Málað eða olíuborið.
Október	4 tímar	Úr smíðju kennara	Tálgun – göngustafur úr ferskum trjávið sem sóttur er í trjálundinn okkar í Mörkinni.	Kennari rifjar upp það sem hafa ber í huga við tálgun. Aðferðir og öryggismál.
Nóvember	4	Úr smíðju kennara	Fuglahús úr lérki	Samsetningar með rakapolnu lími og nöglum. Farið yfir mismunandi tegundir fuglahúsa.
Desember	3	Úr smíðju kennara	Jólaverkefni – jólatré úr birki.	Mælingar og sögun með tifsög. Kennari kennir notkun tifsagar og hvað þarf að hafa í huga við notkun hennar.
Desember	3	Úr smíðju kennara	Jólaverkefni	Tálgun og fleira.

